

Skipulagsstofnun
b.t. Tinnu Jónsdóttur
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Akureyri, 4. mars 2021
UST202102-265/Í.M.J.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – matsskyldufyrirspurn – eldi á laxi- og regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 4. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Háafell ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur sótt um breytingu á skilyrðum rekstrar- og starfsleyfis sjókvíaeldis fyrirtækisins í Ísafjarðardjúpi til Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar svo hemilt verði að ala 6.800 tonna lífmassa af laxi. Fram kemur í tilkynningarsskýrslu að rekstraraðili vilji hafa þann kost opinn að geta alið regnbogasilung samhliða eða í staðinn fyrir lax. Rekstraraðili hefur leyfi fyrir eldi á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski þar sem hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 7.000 tonn. Nýverið lauk mati á umhverfisáhrifum fyrir eldi á 6.800 tonnum af laxi og fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum frá árinu 2015 fyrir núverandi starfsemi.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu muni hafa aukin umhverfisáhrif umfram það sem lýst er í fyrra umhverfismati og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur